

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. *Suðurlandsvegur*: Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Örafi, Breiðamerkursand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.
2. *Þingvallabraut*: Frá vegamótum Vesturlandsvegar nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
3. *Geysisvegur*: Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
4. *Biskupstungnabraut*: Frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grimsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisvegar hjá Múla.
5. *Eyrarbakkevegur*: Frá Selfossi að Eyrarbakka.
6. *Laugardalsvegur*: Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Svínavatni að vegamótum Geysisvegar hjá Laugarvatni.
7. *Skeiða- og Hreppavegur*: Frá vegamótum Suðurlandsvegar í Flóa, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að vegamótum Gullfossvegar vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
8. *Gullfossvegur*: Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Tungufljóti til Gullfoss.
9. *Gnúpverjavegur*: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá að vegamótum hjá Þjórsárholti.
10. *Landvegur*: Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
11. *Fljótshlíðarvegur*: Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Garðsauka inn Fljótshlíð að Hlíðarenda.
12. *Hafnarbraut*: Frá Höfn í Hornafirði á Suðurlandsveg hjá Hólum.
13. *Reykjanesbraut*: Frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.

14. *Vífilsstaðavegur*: Frá vegamótum Hafnarfjarðarvegar til Vífilsstaða. **64**
15. *Útvarpsstöðvarvegur*: Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir innan Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð. 19. júní
16. *Dykkvabæjarvegur*: Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir vestan Ægisíðu að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.

B. Um Vesturland:

1. *Vesturlandsvegur*: Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hestháls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdal, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.
2. *Hafnarfjallsvegur*: Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Ferstiklu út með Hvalfirði, um Leirársveit og Andakil á vegamót Vesturlandsvegar hjá Hvítárvöllum.
3. *Akranesvegur*: Frá Akranesi inn að vegamótum Hafnarfjallsvegar hjá Lambhaga.
4. *Borgarnesbraut*: Frá Borgarnesi að vegamótum Vesturlandsvegar norðan Gufár.
5. *Borgarfjarðarbraut*: Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kálffossi.
6. *Stykkishólmsvegur*: Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
7. *Ólafsvíkurvegur*: Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðarheiði til Ólafsvíkur.
8. *Hellusandsvegur*: Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellusands.
9. *Laxárdalsvegur*: Frá vegamótum sunnan Laxár um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum Strandavegar utan Borðeyrar.
10. *Strandavegur*: Frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.
11. *Steinadalsvegur*: Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Brekku í Gilsfirði um Steinadal og Steinadalsheiði að vegamótum Strandavegar í Kollafirði.
12. *Vestfjarðavegur*:
 - a. Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
 - b. Frá Þingeyri um Brekkudal að Rafnseyri.
 - c. Frá Bildudal um Hálf dán fyrir Tálknafjarðarbotn um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
13. *Bolungavíkurvegur*: Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.

64

19. júní

C. Um Norðurland:

1. *Norðurlandsvegur*: Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um Línakradal, Auðunnarstaðaháls, um Víðidalsárbrú hjá Lækjamóti, um Gljúfurárbrú hjá Miðhópi, yfir Vatnsdalsárbrú hjá Hnausum, um Blöndubrá hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnsskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalshéiði, Öxnadal, Pelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði, Kelduhverfi að vegamótum austan við Jökulsárbrú nálægt Ferjubakka.
2. *Hvammstangabraut*: Frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóra-Ósi.
3. *Miðfjarðarvegur*: Frá vegamótum sunnan Melstaðar að Litlu-Tungu.
4. *Vesturhópsvegur*: Frá vegamótum Norðurlandsvegar hjá Vatnshorni að Vesturhópsvatni móts við Breiðabólstað.
5. *Vatnsdalsvegur*: Frá Vatnsdalshólum að Undirfelli.
6. *Svinvetningabraut*: Frá Blönduósi að Svinavatni.
7. *Skagastrandarvegur*: Frá Blöndubrá við Blönduós til Skagastrandar.
8. *Síglufjarðarvegur*: Frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót til Síglufjarðar.
9. *Sauðárkróksvegur*: Frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.
10. *Hofsósvegur*: Frá Sauðárkróki um Héraðsvatnabryr og Hegranes, Viðvikursveit, um brú á Hjaltadalsá, um Óslandshlíð til Hofsóss.
11. *Eyjaffarðarbraut*: Frá vegamótum sunnan Akureyrar að Saurbæ ásamt brautinni að Kristneshæli.
12. *Dalvíkurvegur*: Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd og Arnarneshrepp, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.
13. *Mývatnssveitarvegur*: Frá Breiðamýri um Mývatnshéiði að Skútustöðum.
14. *Tjörnvegur*: Frá Húsavík kringum Tjörnveg að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
15. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur*: Frá vegamótum austan við Jökulsá í Axarfirði um Kópaskerskaupþún, yfir Melrakkaslétu um Blikalón og Raufarhöfn, um Hálsa, hjá Svalbarði, um Þistilfjörð til Þórshafnar.

D. Um Austurland:

1. *Austurlandsvegur*: Frá vegamótum Norðurlandsvegar austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalshéiði, um Breiðdal, hjá Eyðölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði.
2. *Stranda- og Vopnafjarðarvegur*: Frá Þórshöfn þvert yfir Langanes um

Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlið að vegamótum Austurlandsvegur vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.

64

19. júní

3. *Úthéraðsvegur*: Frá vegamótum Fjarðarheiðarvegur austan við Eyvindararbrú, um Eiðapinghá og Hjaltastaðapinghá að Óshöfn.
4. *Upphéraðsvegur*: Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts að Brekku í Fljótsdal.
5. *Fjarðarheiðarvegur*: Frá vegamótum Austurlandsvegur hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
6. *Fagradalsbraut*: Frá vegamótum Austurlandsvegur hjá Egilsstöðum um Fagradal til Reyðarfjarðarkauptúns.
7. *Eskifjarðarvegur*: Frá Reyðarfjarðarkauptúni til Eskifjarðarkauptúns.
8. *Norðfjarðarvegur*: Frá Eskafirði til Neskaupstaðar.
9. *Fáskrúðsfjarðarvegur*: Frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Hrossadalsskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
10. *Mjóafjarðarvegur*: Frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

3. gr.

1. málsgrein 8. gr. skal orða svo:

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

4. gr.

Aftan við síðari málsgrein 11. gr. skal bæta:

Þar, sem enginn skurður er meðfram vegi, má girðingu ekki setja nær miðju vegar en 4 metra og ekki reisa hús nær en 8 metra, nema sérstök heimild komi til.

5. gr.

12. gr. skal orða svo:

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitid gagnlegt að

- 64 gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður
19. júní eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélög eða sýslu-
félög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

6. gr.

13. grein skal orða svo:

Stjórn vegamála ákveður, hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

7. gr.

Aftan við 36. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, eða setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.

8. gr.

30. gr. orðist svo:

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 32 23. júní 1932.

9. gr.

Aftan við 44. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Þyki vegamálastjórninni ástæða til að halda akfærum kafla þjóðvegur með snjómokstri að vetrarlagi, má telja þann kostnað með viðhaldi vegarins.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57 19. maí 1930.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 41 4. júní 1924 og gefa þau út svo breytt sem vegalög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.